

## Þróunarsjóður innflytjendamála

### Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Fjölmenningsarsamfélagið í Húnaþingi vestra

**Nafn styrkþega:** Húnaþing vestra

**Útdráttur:** Annars vegar var haldið Menningarmót í Grunnskóla Húnaþings vestra í október 2020. Vegna COVID-19 samkomutakmarkana stýrði Kristín Vilhjálmsdóttir verkefninu í gegnum fjarfundarbúnað. Hún hélt upphafsfundi með nemendum og starfsfólk og fylgdi verkefninu eftir á sama hátt með einstaka starfsmönnum og nemendum, bæði í vinnuferlinu og á menningarmótinu sjálfu. Menningarmótið var vel skilgreint og skýrt verkefni þar sem menningarbakgrunnar ólíkra nemenda fengu að njóta sín. Augljóst var að nemendur tóku þátt af innlifun og áhuga og ræddu það sín á milli utan formlegrar verkefnavinnu. Það voru stolt og upplitsdjörf börn sem sýndu afraksturinn á menningarmótinu en þar söknuðu þau og starfsfólkid foreldranna sem ekki gátu komið vegna samkomutakmarkana. Þar sem það var fyrirséð var ákveðið að nemendahópur sinnti hlutverki skrásetjara sem tóku myndir og myndbönd og afraksturinn af því var birtur á heimasíðu Grunnskólans. Hins vegar var svo haldin uppskeruháttíð fyrir flóttafólk frá Sýrlandi, var sá viðburður mjög vel heppnaður að öllu leiti. Sýrlendingarnir buðu uppá veitingar frá Sýrlandi, útbjuggu “kaffihorn” þar sem boðið var uppá Sýrlenskt kaffi og stemmningu. Haldnar voru ræður bæði með og án túlks. Fjölskyldusvið Húnaþings hélt einnig tölu sem og Linda Rós verkefnastjóri, Oddviti sveitastjórnar í Húnaþingi, Nína frá Rauða krossinum og Liljana hjúkrunarfæðingur á Hvammstanga. Á hátíðinni var einnig sýnd stuttmynd með sögu Líbanon fyrir og eftir stríð, myndasýning með frægum byggingum þar ofl. Að endingu var svo stigin dans undir sýrlenskri tónlist. Sumarið 2022 var svo slegið til fjölbjóðlegrar matarveislu í tengslum við Unglistarhátíðna Eldur í Húnaþingi sem haldinn er ár hvert á Hvammstanga. Á þeim degi komu fjölda margar þjóðir saman og buðu uppá mat og kökur frá sínu heimalandi, gestum og gangandi að kostnaðarlausu.

**Name of the project:** The multicultural society in Húnaþing vestra

**Name of grantee:** Húnaþing vestra

**Project description:** A cultural event was held at Húnaþing vestra Elementary School in October 2020. Due to the COVID-19 gathering restrictions, Kristín Vilhjálmsdóttir led the project through remote conferencing equipment. She held initial meetings with students and staff and followed up on the project in the same way with individual staff and students, both during the work process and at the cultural event itself. The cultural event was a well-defined task where the cultural backgrounds of different students were of benefit. It was obvious that the students

participated with empathy and interest and discussed it outside of formal project work. There were proud and bold children who showed the result at the cultural event, but they and the staff missed the parents who could not come due to the gathering restrictions. A group of students recorded the event with pictures and videos, which were published on the website of the Primary School. Additionally, a final gathering was held for refugees from Syria and the event was very successful in all respects. The Syrians offered refreshments from Syria, prepared a "coffee corner" where they offered Syrian coffee and more. Speeches were given both with and without an interpreter. The Family Division of Húnaþing also gave a speech, as did Linda Rós, project manager, Oddviti of the Húnaþing local government, Nína from the Red Cross and Liljana, a nurse at Hvammstanga. The festival also featured a short film with the history of Lebanon before and after the war, a slide show with famous buildings there, etc. At the end, there was a dance to Syrian music. In the summer of 2022, a multinational dinner party was organized in connection with the Youth Festival Eldur i Húnaþing, which is held every year in Hvammstangi. On that day, people from many nations came together and offered food and cakes from their homeland to visitors.